

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

FUNDUR – 8. júlí 2003

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 26. fundar þriðjudaginn 8. júlí 2003 kl. 17:00 í Reiðhöllinni Arnargerði.

Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stýrði honum. Mætt eru undirrituð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 47. fundar bæjarráðs frá 26. júní 2003.
2. Fundargerð 48. fundar bæjarráðs frá 3. júlí 2003.
3. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 23. júní 2003.
4. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 25. júní 2003.
5. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 26. júní 2003.

Afgreiðslur dagskrár:

1. Fundargerð 47. fundar bæjarráðs frá 26. júní sl. kynnt og tekin til umræðu og afgreiðslu. Óskað var eftir svohljóðandi bókun vegna 12. liðar d í fundargerðinni. *“Ekki hefur verið ágreiningur í núverandi bæjarstjórn um endurskipulagningu fjármála sveitarfélagsins og því undrast meirihluti bæjarstjórnar málflutning Ágústar Þórs Bragasonar þar sem hann tvinnar saman skuldastöðu sveitarfélagsins og vinnubrögð starfsmanna. Meirihluti bæjarstjórnar tekur öllu samstarfi og tillögum um frekari úrbætur í fjármálum, umfram það sem þegar hefur verið innt af hendi, fegins hendi og skorar hér með á D-lista að byggja málefnið er varða skuldastöðu bæjarins á úrræðum og samvinnu, frekar en órökstuddri gagnrýni um veika fjármálastjórnun.”* Undir bókunina rita Valgarður Hilmarsson, Hjördís Blöndal, Þórdís Hjálmarsdóttir, Valdimar Guðmannsson og Jóhanna G. Jónasdóttir. Að umræðum um fundargerðina loknum bar forseti hana undir atkvæði, hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
2. Fundargerð 48. fundar bæjarráðs frá 3. júlí 2003 kynnt og tekin til afgreiðslu. Vegna 3. liðar fundargerðarinnar samþykkti fundurinn að fela og bæjarráði og bæjarstjóra að ganga frá nýrri gjaldskrá vegna sorphirðu og breytingu á texta gjaldskrár. Vegna 1. liðar samþykkti fundurinn að fela bæjarstjóra að leita til INVEST með að gera rekstrar- og kostnaðaráætlun fyrir húsdýragarð. Þá óskaði Þórdís Hjálmarsdóttir eftir svohljóðandi bókun vegna 5. liðar. *“Það ber að fagna því að kjörnir fulltrúar í bæjarstjórn Blönduóss séu vel á verði gagnvart því að bindandi ákvarðanir séu ekki teknar af fulltrúum, sem til þess eru vanhæfir. Slíkt ber að varast nú sem áður. Fyrir liggur úrskurður félagsmálaráðuneytisins varðandi þetta mál og ber að fagna niðurstöðunni, enda gengur það ekki að menn sitji beggja vegna borðs og taki ákvarðanir er varða eigin störf og / eða hagsmuni. Því er mikilvægt að kjörnir fulltrúar vandi störf sín og auki þannig traust til stjórnsýslunnar.”*

Að umræðum loknum var fundargerðin borin upp, og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

3. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 23. júní sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp, hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
4. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 25. júní sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp, hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
5. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 26. júní 2003 kynnt og tekin til afgreiðslu. Vegna liðar 2, þá felur bæjarstjórn bæjarstjóra að taka saman greinargerð um það hvers vegna hús nr. 13 og 15 A og B hafa ekki uppfyllt skilyrði um björgunarop. Þá var óskað eftir bókun vegna 3. liðar 1. svohljóðandi. *“Bæjarstjórn leggur til að bæjarstjóri eigi fund með skipulags- og byggingarnefnd um málið.”*
Þá var fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:20.

Valgarður Hilmarsson
Jóna F. Friðriksdóttir
Sigurður Jóhannesson
Hjördís Blöndal
Jóhanna Jónasdóttir

Ragnar Ingi Tómasson
Þórdís Hjálmarsdóttir
Valdimar Guðmannsson
Ágúst Þór Bragason